

Hluthafafundur Solid Clouds hf. 14. febrúar 2024

Fundargerð

Hluthafafundur Solid Clouds hf. var haldinn miðvikudaginn 14. febrúar 2024 að starfsstöð félagsins að Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi.

Dagskrá fundarins:

- Setning fundar
- Kjör fundarstjóra og fundarritara
- Tillögur um heimild til hlutafjárhækkana og áskriftarréttinda, auk samsvarandi breytinga á samþykktum félagsins
- Önnur mál sem eru löglega borin fram

1. Setning fundar

Stjórnarmaðurinn, Eggert Árni Gíslason bauð fundargesti velkomna og setti fundinn formlega.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Tillaga stjórnar var að Höskuldur Þór Þórhallsson yrði kjörinn sem fundarstjóri, og bárust ekki athugasemdir við þá tillögu. Fól stjórnarmaður fundarstjóra stjórn fundar.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að Aron Ólafsson, yrði kjörin sem fundarritari. Ekki bárust athugasemdir við þá tillögu.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til hluthafafundar var boðað með viku fyrirvara í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. samþykka félags, sbr. 1. mgr. 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, með Kauphallartilkynningu þann 6. febrúar 2024. Fundarefnis var getið í fundarboði, skv. 2. mgr. 13. gr. samþykka félagsins og lágu tillögur fundarins fyrir.

Fundarstjóri upplýsti um að til fundarins væru mættir hluthafar og/eða umboðsmenn þeirra sem fara með atkvæðamagn sem samsvarar 52,5% alls hlutafjár í félaginu

Fundarstjóri kannaði lögmati fundarins og vakti máls á því að samkvæmt 3. mgr. 13. gr. gildandi samþykka félagsins væri fundur löglega boðaður ef réttilega væri til hans boðað og ef fundinn sæktu hluthafar sem réðu a.m.k. helming hlutafjár. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmatan til afgreiðslu mála sem á dagskrá fundar voru.

Á fundinn voru mættir stjórnarmenn félagsins, auk forstjóra og fjármálastjóra félagsins. Fundarstjóri gaf Stefáni Þór Björnssyni, fjármálastjóra félagsins, orðið varðandi rökstuðning fyrir þeim tillögum sem lagðar voru fyrir fundinn.

Í máli hans kom fram að markmið með söfnun áskriftarloforðanna að fjárhæð 220 milljónir króna er að efla félagið fyrir komandi vöxt, tryggja lausafjárstöðu þess, ljúka útgáfu leiksins og hefja markaðssetningu hans. Til að tryggja jafnræði hluthafa er öðrum hluthöfum félagsins gefinn kostur á að taka þátt í hlutafjárhækkuninni á sömu kjörum. Stjórn leggur því til að henni verði heimilt að gefa út allt að 90.000.000 nýja hluti vegna þessa. Gefi eftirspurn í útboðinu tilefni til gerir stjórn ráð fyrir að heimilt verði að fjölga seldum hlutum í útboðinu um allt að 100.000.000 hluti, en stjórn hefur óskað eftir viðbótarheimild til lok árs 2026 sem ráðgert er að nýta að hluta. Heildarandvirði útboðsins getur því numið allt að 380.000.000 kr. Velgengi Starborne Frontiers mun hafa mikil áhrif á framtíð félagsins. Verði lykilmælikvarðar leiksins eftir fjárfestingu í markaðssetningu í samræmi við áætlanir stjórnenda er ráðgert að ráðast í frekari hlutafjárútgáfu til að styðja enn frekar við áframhaldandi vöxt leiksins og

er því sambandi beðið um heimild til að gefa út allt að 300 milljón hluti. Arctica Finance hf. hefur veitt félaginu ráðgjöf í tengslum við söfnun áskriftarloforða og mun hafa umsjón með útboðinu, útgáfu og töku hinna nýju hlutabréfa til viðskipta ásamt því að annast innheimtu og uppgjör viðskiptanna í tengslum við útboðið.

3. Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögur um heimild til hlutafjárhækkana og áskriftarréttinda, auk samsvarandi breytinga á samþykktum félagsins

- a) Stjórn félagsins leggur til við hluthafafund Solid Clouds hf. sem haldinn er þann 14. febrúar 2024 að hluthafafundur veiti stjórn félagsins heimild til hækkunar hlutafjár félagsins, um allt að 110.000.000 hluti að nafnvirði á genginu 2, og á grundvelli samþykktar hluthafafundar verði hún færð sem 4. mgr. 4. gr. samþykta félagsins. Lagt er til að hluthafar falli frá forgangsrétti að hinu nýja hlutafé á grundvelli hækkunar.

Tillagan felur í sér breytingar á samþykktum félagsins með þeim hætti að við bætist svohljóðandi ákvæði, sem skal vera 4. mgr. 4. gr. samþykktanna:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 110.000.000 hluti að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta á genginu 2. Stjórn félagsins ákveður gengi, áskriftar- og greiðslufrest hinna nýju hluta í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög. Hækkunarheimild samkvæmt þessu gildir til 31. mars 2024. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt að nýjum hlutum, útgefnum samkvæmt ákvæði þessu, heldur skal stjórn heimilt að selja þá fjárfestum. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum að öðru leyti gilda um nýja hluti vegna þessarar hækkunar og bera nýir hlutir réttindi í félaginu frá og með ákvörðun stjórnar um útgáfu þeirra, þó aldrei fyrr en hlutir eru að fullu greiddir. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

- b) Stjórn félagsins leggur til við hluthafafund Solid Clouds hf. sem haldinn er þann 14. febrúar 2024 að hluthafafundur veiti stjórn félagsins heimild til hækkunar hlutafjár félagsins, um allt að 90.000.000 hluti að nafnvirði á genginu 2, til viðbótar tillögu um hækkun undir lið a) og á grundvelli samþykktar hluthafafundar verði hún færð sem 5. mgr. 4. gr. samþykta félagsins. Hluthafar skulu njóta forgangs að nýjum hlutum og efnt verður til forgangsréttarútboðs til hluthafa til að safna áskriftum að hinum nýju hlutum, en einnig verða hinir nýju hlutir boðnir í almennu útboði sem haldið verður samhliða forgangsréttarútboðinu, og er lagt til að stjórn verði veitt heimild til sölu í samræmi við fengin áskriftarloforð í forgangsútboði.

Tillagan felur í sér breytingar á samþykktum félagsins með þeim hætti að við bætist svohljóðandi ákvæði, sem skal vera 5. mgr. 4. gr. samþykktanna:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 90.000.000 hluti að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta á genginu 2, sem boðnir verða hluthöfum félagsins í forgangsréttarútboði auk þess sem almennt útboð verður haldið samhliða. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi hinna nýju hluta, áskriftar- og greiðslufresti og sölureglur útboðsins og verður getið um þau atriði í áskriftarskrá í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laga nr. 2/1995. Hækkunarheimild samkvæmt þessu gildir til 31. mars 2024. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum, útgefnum samkvæmt ákvæði þessu, í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Nýti einhver hluthafa ekki forgangsrétt sinn til nýrra hluta, skulu aðrir

hluthafar njóta forgangs til þeirra hluta í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Að því marki sem hluthafar nýta ekki forgangsrétt sinn sbr. framangreint skal stjórn heimilt að selja þá hluti til annarra aðila. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum að öðru leyti gilda um nýja hluti vegna þessarar hækkunar og bera nýir hlutir réttindi í félaginu frá og með ákvörðun stjórnar um útgáfu þeirra, þó aldrei fyrr en hlutir eru að fullu greiddir. Hina nýju hluti skal greiða fyrir með reiðufé. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjánhækkun.“

Tillagan var samþykkt með 99,5% atkvæða á fundinum. Einn hluthafi með 0,5% atkvæða sat hjá.

- c) Stjórn félagsins leggur til við hluthafafund Solid Clouds hf. sem haldinn er þann 14. febrúar 2024 að hluthafafundur veiti stjórn félagsins heimild til i) hækkunar hlutafjár félagsins og ii) útgáfu áskriftarréttinda, um allt að 300.000.000 hluti að nafnvirði, og á grundvelli samþykktar hluthafafundar verði hún færð sem 6. mgr. 4. gr. samþykka félagsins. Hluthafar skulu njóta forgangs að nýjum hlutum eða áskriftarréttindum, og efnt verður til forgangsréttarútboðs til hluthafa til að safna áskriftum að nýjum hlutum og áskriftarréttindum, en einnig verða nýir hlutir og áskriftarréttindi boðin í almennu útboði sem haldið verður samhliða forgangsréttarútboðinu, og er lagt til að stjórn verði veitt heimild til sölu í samræmi við fengin áskriftarloforð.

Tillagan felur í sér breytingar á samþykktum félagsins með þeim hætti að við bætist svohljóðandi ákvæði, sem skal vera 6. mgr. 4. gr. samþykktanna:

„Stjórn félagsins er heimilt að i) hækka hlutafé félagsins og ii) gefa út áskriftarréttindi, og nær heimild þessi til allt að 300.000.000 nýrra hluta í félaginu. Stjórn skal heimilt að stjórna að hvaða leyti framangreind heimild verði nýtt til hækkunar hlutafjár og útgáfu áskriftarréttinda, og framkvæmdar nauðsynlegrar hlutafjánhækkunar í tengslum við nýtingu áskriftarréttinda. Stjórn félagsins ákveður gengi, áskriftar- og greiðslufrest hinna nýju hluta. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum og áskriftarréttindum, útgefnum samkvæmt ákvæði þessu, í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Nýti einhver hluthafa ekki forgangsrétt sinn, skulu aðrir hluthafar njóta forgangs til þeirra hluta í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Að því marki sem hluthafar nýta ekki forgangsrétt sinn sbr. framangreint skal stjórn heimilt að selja nýja hluti og áskriftarréttindi til annarra aðila.. Stjórn ákveður endanlegt söluverð áskriftarréttindanna á grundvelli áskriftarsöfnunar.

Hækkunarheimild og heimild til að framkvæma nauðsynlegar hlutafjánhækkunarir í tengslum við nýtingu áskriftarréttinda skal gilda til 31. desember 2026. Heimild stjórnar skal heimila stjórn hækkun/útgáfu einu sinni eða oftár á gildistíma heimildar. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum að öðru leyti gilda um nýja hluti vegna þessarar heimildar og bera nýir hlutir réttindi í félaginu frá og með ákvörðun stjórnar um útgáfu þeirra, þó aldrei fyrr en hlutir eru að fullu greiddir. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjánhækkun.“

Tillagan var samþykkt með 99,5% atkvæða á fundinum. Einn hluthafi með 0,5% atkvæða sat hjá.

- d) Stjórn félagsins leggur til við hluthafafund Solid Clouds hf. sem haldinn er þann 14. febrúar 2024 að hluthafafundur samþykki viðbót við 3. mgr. 4. gr. samþykka félagsins sem veitir stjórn

félagsins heimild til hækkunar hlutfjár félagsins, um allt að 9.187.500 hluti að nafnvirði, til efnda samnings félagsins við ráðgjafa.

Tillagan felur í sér breytingar á samþykktum félagsins með þeim hætti að við bætist svohljóðandi ákvæði, sem skal vera viðbót við 3. mgr. 4. gr. samþykktanna:

" Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins í áföngum um allt að 9.187.500 hluti að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta ekki forgangs til að nýju hlutum sem eru gefnir út samkvæmt heimild þessari. Heimild þessa má einungis nota í tengslum við efndir samninga sem gerðir hafa verið og gerðir verða við ráðgjafa félagsins. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum sem félagið hefur gert eða mun gera við hlutaðeigandi ráðgjafa. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að rétthafar greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðrum verðmætum en reiðufé og skal fara um slíkt eftir ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Heimild þessi gildir í tvö ár frá 14. febrúar 2024, en fellur niður við það tímamark að því leyti sem hún er ónýtt. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutfjárhækkun."

Tillagan var samþykkt með 99,5% atkvæða á fundinum. Einn hluthafi með 0,5% atkvæða sat hjá.

4. Önnur mál sem eru löglega borin fram

a. Engin slík mál voru lögð fram.

Fundarstjóri sleit fundinum klukkan 16.30.

Þannig fram farið.

Rafræn undirritun

Höskuldur Þór Þórhallsson
fundarstjóri

Rafræn undirritun

Aron Ólafsson
fundarritari